

**389. fundur  
Hreppsnefndar Tálknafjarðar  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 16. júlí 2008 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir (ÁJ)

**Dagskrá:**

**1. 0807007F - Bygginarnefnd Tálknafjarðarhrepps. 18. Fundur**

Til máls tóku BGG, EIS, GÓ og BB, eftir umræður var ákveðið að vísa 1. lið aftur til byggingarnefndar, fundargerðin staðfest samhljóða að öðru leyti.

**2. 0807008F – Atvinnumálanefnd. 10. fundur**

Til máls tóku BGG, EIS, GÓ og BB. Fundargerðin staðfest.

**3. 0807071 - Ársreikningur seinni umræða**

Síðari umræða um ársreikning Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2007. Í tengslum við ársreikning Tálknafjarðarhrepps 2007 var undirrituð endurskoðunarskýrsla DFK endurskoðunar lögð fram. Áritun kjörinna skoðunarmanna Tálknafjarðarhrepps var lögð fram við fyrri umræðu.

Til máls tóku EIS, BGG, BB, GÓ og BG

Ársreikningar 2007 og skýringar sem honum fylgja, borinn upp til samþykktar.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og staðfestur af hreppsnefnd og framkvæmdarstjóra með undirritun.

**4. 0807041 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Til máls tóku EIS, BGG, BG, GÓ og BB.

Rætt var um útboð á skólamáltíðum.

Verkefnastjóri SKOR þekkingarseturs hefur hafið störf við skráningu bæjanafna í Tálknafirði.

Ekki verður viðvera á sveitarskrifstofu vegna sumarleyfa frá 1. - 15. ágúst.

**5. 0807069 - Neysluvatn 25. júní 2008**

Lagt fram til kynningar.

**6. 0807068 - Niðurfærsla eigin fjár**

Lagt fram til kynningar

**7. 0807067 - Drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum.**

Lagt fram til kynningar

**8. 0807066 - Aðsetur matsteyma um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými.**

Lagt fram til kynningar

**9. 0807065 - Samstarfsverkefni um þjóðlendumál, yfirlit**

Lagt fram til kynningar

**10. 0807050 - Deiliskipulag fyrir einstaka lóðir**

Lagt fram til kynningar

**11. 0807049 - Styrkur vegna endurbóta á vegi til Suðureyrar**

Lagt fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____